




Logo Munstur 1: Ermar



Yfirvidd: 107 cm

Lengd á bol að handvegi: 41 cm

Ermalengd að handvegi: 51 cm

Efni: Léttlopi - 50 gr dokkur

A 0051 hvítur 9

B 9434 hárauður 4

Hringprjónar nr 3½ og 4½, 40 og 80 cm

Sokkaprjónar nr 3½ og 4½

FJÖLLUMM


um prjón



Lykill

A 0051 =	■
B 9434 =	■
prj 2 L saman til hægri =	↗
prj 2 L saman til vinstri =	↖
engin L =	■

Munstur 2: Axlastykki



PRJÓNFESTA

10 x 10 cm = 18 L og 24 umf. slétt prjón á prjóna nr 4½. Sannreynið prjónfestu og skiptið um prjónastærð ef þarf.

AÐFERÐ

Peysan er prjónuð í hring. Við handveg eru lykkjur af ermum og bol sameinaðar á einn prjón og axlastykki prjónað í hring. Umf byrjar í vinstri hlið á bol en á samskeytum bols og ermar vinstra megin á baki. Upphækkun er prjónuð við hálsnál að aftan.

BOLUR

Fitjið upp 192 L með lit B á hringprjón nr 3½, tengið saman í hring og prj 2x2 stroff: *2 L sl, 2 L br*, 6 cm langt. Skiptið yfir á prjón nr 4½ og lit A. Prj sl þar til bolur mælist 41 cm. Prj ekki síðust 7 L í umf.

Geymið bol og prjónið ermar.

ERMAR

Fitjið upp 44 L með lit B á prjóna nr 3½. Tengid saman í hring og prj 2x2 stroff: *2 L sl, 2 L br*, 6 cm langt. Skiptið yfir á prjóna nr 4½ og lit A. Prj sl og aukið jafnt út um 4 L => 48 L (3 hvítar umferðir eru frá stroffi að logoinu) prj logo munstur 1, alls 13 umf frá stroffi. Prj áfram með lit A og aukið út um 2 L á miðri undirermi, 1 L eftir fyrstu lykkju og 1 L fyrir síðustu lykkju í umf, í 6. hverri umf upp ermi, alls 13 sinnum => 74 L. Prj þar til ermi mælist 51 cm. Setjið 13 L undir miðermi á hjálparband => 61 L.

Prj seinni ermi á sama hátt.

AXLASTYKKI

Sameinið bol og ermar með lit A á hringprjón nr 4½. Setjið síðustu 7 L og fyrstu 6 L af bol á hjálparband. Prj fyrri ermi við 61 L. Prj framstykki 83 L. Setjið næstu 13 L af bol á hjálparband. Prj seinni ermi við 61 L. Prj bak 83 L. Nú eru á prjóninum => 288 L. Setjið merki í miðjar ermar. Prj munstur 2 og úrtökur samkvæmt teikningu. Skiptið yfir á styttri prjón þegar L fækkar. Þegar munstri lýkur eru eftir 108 L.

UPPHÆKKUN AÐ AFTAN

Setjið merki í miðjar axlir út frá merkjum á ermum. Prj fram og til baka. Prj þar til 6 L eru eftir að merki snúið við (bregðið bandinu alltaf utan um næstu óprj L þegar snúið er við svo gat myndist ekki í prjónið). Prj til baka þar til 6 L eru eftir að merki, snúið við. Prj þar til 3 L eru eftir að merki, snúið við. Prj til baka þar til 3 L eru eftir að merki, snúið við. Prj að merki, snúið við. Prj til baka að merki, snúið við. Prj að byrjun umf.

HÁLSLÍNING

Skiptið yfir í prjóna nr 3½ og prj áfram með lit B. Prj 1 umf sl og takið úr jafnt yfir umf 32 L => 76 L. Prj 2x2 stroff: *2 L sl, 2 L br*, 12 cm langt. Fellið laust af með stroff prjóni.

FRÁGANGUR

Lykkjið saman undir höndum og gangið frá endum. Skolið úr peysunni og leggið til þerris í rétt mál.

HÖNNUN: Védís Jónsdóttir